

Þó flest væri gleyppt, sem var logið og látt,
var lifandi sleipt á því taki,
að finna hvað kleyft var að hafa yfir hátt,
og hverju yrði dreift út að baki."

Margir hafa haldið fram frelsi, á Íslandi og víðar. Oftast hefir það verið verzlunarfrelsi, matarfrelsi og pólitískt frelsi. Þorsteinn er frelsisskáld. Hann ann pólitísku frelsi, en aðallega er það *ritsmunarfrelsið*. Þannig farast honum orð til sannleikans í kvæðinu „Brautin“.

„Eg trúi því sannleiki að sigurinn þinn
að síðustu vegina jafni;
og þér vinn eg konungur það sem eg vinn,"

Og í „Bókin mín“ er þetta.

„Mig langar að sá enga lýgi þar finni,
sem lokar að síðustu bókinni minni."

Þorsteinn er skáld frelsisins, þess, að losa mannsandann úr öllum þrælakreppum.

Hann er skáld jafnréttisins, og finnur sárt til með öllu því sem lifir. Hann elskar lífið. Að lifa er það háleitasta hnoss, sem til er. Það ætti að vera hverjum manni fögnuður og gleði. Allir þrá líf, fuglinn, jurtin, maðurinn og dýrin. Ást hans á lífinu verður að mannúðartilfinningu, svo að hann aumkar sárt alla þá, sem þurfa að eyða þessum fáu dögum í volæði og tár-um. Hann vill að lífsþráin, sem hjá öllum er svo rík, verði þeim að hvöt til samhygðar og bræðralags, að mennirnir kvelji ekki hver úr öðrum lífið, og ekki heldur úr skepnum. Alt sem lifir á sameiginlega óvini. Þeir er hungur, dauði og sorg. Það siðalögmál, sem hann setur, er því það, að firra alla þessum óvinum. Kemur þetta fram í „Síðasta nóttin“, „Vetur“ og enn víðar. En þetta siðalögmál á ervitt uppdráttar, því það er annað siðalögmál, sem breytni fjöldans hvílir á,

„að gjöra hvert hneyksli eins og guðsríki“ í hag
og göfgandi siðprýðis anda."

Það siðferðislögmál helgar hefð, vani, áragrúi af trúar og laga-setningum. Hugsjón skáldsins um hina „Hærri siðfræði“, lend-